

# Athugasemdir við frumvarp til sóttvarnalaga

329. mál, lagafrumvarp

151. löggjafarþing 2020–2021.

Á þessu ári hefur heimsbyggðin upplifað sérkennilega tíma. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tilkynnti heiminum í vor að kominn væri upp heimsfaraldur. Fréttamyndir frá Wuhan í Kína sýndu deyjandi fólk úti á strætum og tölur bentu til skelfilegrar dánartíðni af þessum sjúkdómi.

Fljótlega fóru stjórnvöld landa í ýmsar aðgerðir til að "fletja kúrfuna". Fyrst var talað um tvær vikur en síðan eru liðnir margir mánuðir og enn er ekki séð fyrir endann á aðgerðum.

Óvissan var mikil og strax í upphafi var landsmönnum gerð grein fyrir því að "við erum öll almannavarnir." og þyrftum við tímabundið að fórna nokkru af mannréttindum og stjórnarskrár vörðum rétti okkar og hlýða fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda.

Mikilvægt er að muna að stjórnarskráin byggir á náttúrulegum réttindum manna eins og frelsi, eignarrétti, öryggi og rétti til að rísa gegn kúgun. Aðgerðir sem byggja á ráðleggingum eru ekki vandamál. Þvinganir brjóta hinsvegar þessi réttindi, sérstaklega ef þær byggjast á röngum forsendum og ótta sem búinn hefur verið til.

Stóra spurningin er því auðvitað:

Hversu langt mega stjórnvöld ganga í að hefta mannréttindi og lýðræði í nafni "öryggis"?

## Aðgerðir sóttvarnaryfirvalda

Ekki er að sjá annað en núverandi sóttvarnarlög opni leið fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) til að stjórna aðgerðum ef um heimsfaraldur eða farsótt er að ræða. Sóttvarnalæknir hefur líka sagt að hann væri að fylgja tillögum eða fyrirmælum þaðan. Önnur vestræn ríki virðast hafa fylgt sambærilegum aðferðum.

Í upphafi voru haldnir reglulega fréttafundir í beinni útsendingu sjónvarpsins, þar sem landsmenn flestir sátu límdir við skjáinn og tóku inn skilaboð stjórnvalda.

Á þessum fundum voru kynntar helstu aðgerðir til varnar drepsóttinni sem fólust í nokkrum lykilþáttum:

- Handþvottur
- 2 metra fjarlægðarmörk
- Samkomubann
- Sóttkví
- Einangrun
- Rakningarforrit
- Andlitsgrímur

Á þessum fundum hefur lítið verið talað um möguleg meðul eða náttúrulegt ónæmiskerfi fólks og hvernig hægt er að styrkja það með vítamínum, hreyfingu og hollu mataræði.

Frá þessum tíma virðist aukning í þunglyndi meðal þjóðarinnar og fjölgun sjálfsmorða er staðreynd og verulegt áhyggjuefni og stóruandlegt hvernig stjórnvöld og fjölmiðlar horfa lítið út fyrir sitt þrönga sjónarhorn og hafa meira að segja komið á fót "Sannleiksráðuneyti" í anda 1984! Lítið er rætt um neikvæðar afleiðingar, þar á meðal stjórnarskrárbrot og almenna afmennskun. Risavaxin fjármálakreppan sem er verið að leggja drög að hugnast mér heldur ekki vel.

Reynir Traustason skrifar:

*"Mannlíf hefur þrúspurt landlækni, lögregluna og heilbrigðisráðuneytið um þessa stórauknu sjálfsvígstíðni en engin svör fást og látið er sem almenningi komi þetta ekki við. Fundir þríeykisins eru á stundum með skrítnum brag. Spýrlar, sumir án raunverulegs umboðs, endurtaka sig, fund eftir fund, og fátt stendur eftir annað en tölur dagsins og að við erum öll almannavarnir. Yfirvöld leyndu almenning þeim veruleika sem snýr að hliðaráhrifum Covid og forðast opinbera umræðu. Þöggun ríkir. Þríeykinu, að þeim ólöstuðum, þykir farsælla að þylja upp tölur um hve margir hafi mælst með þetta og hitt en að ræða kjarna málsins. Mannfall og sjálfsvíg er ekki til opinberrar umræðu."*

## PCR prófin

Kary B. Mullis, sá sem fann upp PCR prófið sagði „PCR er aðferð sem finnur svolítið af einhverju (erfðaefni eða veirubrot) og gerir heilan helling af því í gegnum mögnunarítranir þannig að það sést og er hægt að greina“.

Þegar sóttvarnaryfirvöld kalla eitthvað "smit" er í raun átt við jákvæða niðurstöðu úr PCR prófi. Við vitum að það getur verið mikið af fölskum jákvæðum niðurstöðum. Með 40 mögnunarítrunum (eins og notuð eru hér á landi og víðar) er lítið sem ekkert að marka þessi PCR próf. Það er að segja að þetta sem stjórnvöld hér kalla "smit" eða "sýking" er alls ekki smitandi og "sjúklingurinn" er ekki endilega veikur, en samt látinn sæta frelsisskerðingu. Þetta er því villandi orðalag og hættulegt ef teknar eru ákvarðanir um sóttkví að ekki sé talað um einangrun einstaklinga út frá slíku tilviki. [1]

Svör við fyrirspurnum til landlæknis benda heldur ekki til að búið sé að einangra vírusinn sem veldur sjúkdómnum.

## Grímuskylda

"Andlitsgrímur veita enga vörn gegn vírussýkingum" - Elísabet Guðmundsdóttir lýtalæknir.

Þetta kemur heim og saman við það sem Þórólfur, Fauci og WHO sögðu fyrir á árinu.

Komin er út stór dönsk rannsókn um gildi grímnotkunar sem vörn gegn svona smiti. Hingað til hafa allar rannsóknir sýnt að grímur gera ekkert gagn gagnvart veirusmiti, jafnvel ógagn. Ríkisspítalinn í

Kaupmannahöfn ákvað að gera rannsókn sem fjallaði sérstaklega um þennan vírus. Niðurstaðan staðfestir að grímur gera ekki gagn.

Möskvastærð á þeim grímum sem notaðar eru er stærðargráðu stærri en vírusar og þær veita falskt öryggi. Einnig safna þær raka og bakteríum við útöndun sem getur svo aftur valdið sýkingu þess sem ber grímuna eða annarra sem nálægir eru.

Aðgerðir stjórnvalda og ekki síst grímuskylða hafa vakið ótta með þjóðinni og ekki síst börnum. Langvarandi notkun barna á grímum er óhugguleg.

Grímur eru ekki síst táknrænar. Þær hafa oft verið notaðar til þöggunar og þrælar hafa verið múlbundnir með grímum. Grímur fela stóran hluta andlits og gera fólki erfitt að meta svipbrigði og þekkja vini og frændfólk. Grímunotkun er afmennskun.

### **Lagalegur grundvöllur**

Allnokkrir íslenskir lögfræðingar og stjórnámálmenn hafa lýst áhyggjum af lagalegum og siðferðilegum grundvelli aðgerða stjórnvalda:

Brynjar Níelsson: "Ég verð að viðurkenna að ég hef verulegar efasemdir um að það séu lagaheimildir fyrir þessu, en við látum þetta yfir okkur ganga því aðstæður eru sérstakar. En samt er þetta veira, ekki ósvipuð því sem gengur yfir á hverju ári. Hún er náttúrulega bara hættuleg þröngum hópi sem eru veikir fyrir. Einhver myndi segja: Við erum algjörlega á ystu nöf lagalega séð og komin út fyrir öll mörk."

Sigríður Andersen hefur líka varpað fram spurningum um þetta á Alþingi.

### **Heilbrigði og heilsa**

Þegar ég var í skóla var okkur kennt mikilvægi ónæmiskerfisins. Eitthvað í þessa veru:

- Næg hreyfing og hollur matur
- Góð öndun og súrefnisinntaka
- D og C vítamín
- Mannleg snerting og samskipti

Hvernig stendur á því að þríeykið talar svona lítið um þessi atriði? Hvers vegna ganga ráðleggingar þeirra í mörgum tilvikum þvert á þessi atriði?

Ástundun íþróttar eru grunnur að líkamlegu og andlegu heilbrigði þjóðarinnar. Nú er fullorðnum bannað að stunda íþróttir!

### **Skyldubólusetning**

Fyrsta grein Nuremberg kóðans hljóðar svo í lauslegri þýðingu: "Allar læknisaðgerðir eiga að byggja á upplýstu og frjálsum samþykki"

Níu atriði í viðbót eru talin upp og hægt að sýna fram á að aðgerðir stjórnvalda brjóti nánast öll að einhverju leyti.

Hvorki embætti landlæknis né yfir 30 opinberar stofnanir og rannsóknarstofur í öðrum löndum hafa sýnt fram á einangrun þessa vírus. Það vekur því spurninguna: Við hverju er bólusetningin ef enginn vírus hefur verið einangraður?

Lyfjarisarnir með Bill Gates í fararbroddi hafa talað um bólusetningu allrar heimsbyggðarinnar sem einu raunhæfu lausnina við að losna við veiruna. Kári í DeCode hefur talað á sömu nótum.

Þegar bóluefni er þróað tekur mörg ár að komast í gegnum prófanir þannig að líkur séu á að þau valdi ekki miklum aukaverkunum eða skaða.

Þegar fólk er neytt til læknismeðferðar (sem skyldubólusetning augljóslega er) er það skýrt brot á læknasiðferði og mannréttindum. UNESCO yfirlýsing frá 2005 segir m.a.:

“Allar fyrirbyggjandi, greiningar- og lækningar eru einungis gerðar með fyrirfram, frjálsu og upplýstu samþykki viðkomandi, byggt á fullnægjandi upplýsingum.”

Margir hafa lítinn áhuga á að fá bóluefni sem búið er að þróa í stuttan tíma. Skyldubólusetning eins og opnað er fyrir með þessu frumvarpi er óhugguleg hugmynd. Dönsk stjórnvöld hugðust koma sambærilegum lögum í gegnum þingið, en danskur almenningur reis upp og mótmælti kröftuglega með aðferðum íslensku búsáaldabyltingarinnar þannig að stjórnvöld drógu þau til baka.

Hér á Íslandi gerist vonandi það sama.

## Útgöngubann

Útgöngubann er eitthvað sem stjórnvöld beita á stríðstímum og ætti að vera allra neðst í forgangs röð aðgerða.

## Sóttvarnabúðir

Trudeau stjórnin í Kanada notaði nýlega lög sem sett voru gegn Japönum eftir Pearl Harbour árásina til að skerða rétt borgaranna án aðkomu þings og annars réttarfars. Ástralir og Nýsjálendingar hafa gengið afar langt í þessa átt líka. Þetta er það sem allir óttast með skerðingu frelsis þótt hún sé réttlæt看leg á þeim tíma sem lög og reglur eru samdar.

## Stóra endurræsingin

Ekki er að heyra að nein sérstök lausn sé í boði stjórnvalda um hvenær þessu hörmungarástandi lýkur og að við verðum að sætta okkur við "nýja normið" á næstu árum.

Klaus Schwab frá World Economic Forum hefur kynnt hugmynd og skrifað bók sem hann kallar The Great Reset. Svo virðist sem Joe Biden, Boris Johnson, Justin Trudeau og fleiri stjórnmálamenn noti hugtakið "Build Back Better" um sama hlut.

Þarna lýsa þeir heimi sem nálgast óþægilega mikið það sem George Orwell skrifaði um í bókinni 1984 og Aldous Huxley í Brave New World. Fæstum hugnast það og vonandi erum við ekki á leið þangað.

### **Að lokum**

Eftir því sem lengra líður frá því að pestin kom upp hefur dánartíðni vegna hennar lækkað hratt. Komið er í ljós að mörg ríki hafa ranglega nefnt sjúkdóminn sem dánarorsök þar sem fólk var raunverulega að deyja úr sjúkdómum eins og krabbameini, æðasjúkdómum og sykursýki. Nú virðist vera að dánartíðni sjúkdómsins sé á við venjulega flensu.

Svarið við spurningunni er því að við þurfum að verja mannréttindi, persónufrelsi og stjórnarskrá Íslands og endurskoða þarf lög og samninga til að gefa ekki erlendum aðilum, stofnunum og fyrirtækjum möguleika á að stjórna fólki með svo ómanneskjulegum hætti.

### **Tilvísanir**

1 - PCR gagnrýni - <https://cormandrostenreview.com/report/>

Reykjavík, 11. desember 2020

Með vinsemd og virðingu

**Þrándur Arnþórsson**

180763-5979